



Reykjavík 8. október 2020

Varðar: Íþróttta-, tónlistarskóla og frístundastarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu

Skóla- og íþróttasvið allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa í samráði við almannavarnir höfuðborgarsvæðisins tekið þá ákvörðun að fella niður alla íþróttakennslu í skólum sem og allt starf þar sem blöndun ólíkra aldurshópa á sér stað.

Allt íþróttastarf innandyra er fellt niður sem og skólasund. Öll íþróttakennsla í skólum mun fara fram utandyra að teknu tilliti til ítrustu sóttvarna.

Þar sem blöndun á sér stað í starfi á milli aldurshópa ber að aðlaga það þessum aðstæðum og fellur niður öðrum kosti:

- Frístundastarf
- Tónlistarstarf

Verið er að slá skjaldborg um börn, starfsfólk grunnskóla og skólastarf. Andstæðingurinn er veiran og það er mikilvægt að sýna samstöðu og leggja allt á vogarskálarnar til að fækka smitum.